

Tilkynning LEX vegna kæru Baldurs Guðlaugssonar til Mannréttindadómstóls Evrópu

Með dómi Hæstaréttar frá 17. febrúar 2012 var Baldur Guðlaugsson sakfelldur fyrir innherjasvik. Það er mat okkar að með dómnum hafi í veigamiklum atriðum verið brotinn réttur á Baldri í skilningi ákvæða Mannréttindasáttmála Evrópu. Hér er meðal annars um að ræða eftirfarandi atriði:

Í fyrsta lagi er talið að brotið hafi verið gegn rétti Baldurs til að þurfa ekki að sæta endurtekinni málsmeðferð vegna refsiverðrar háttsemi (*ne bis in idem*), en sá réttur er sérstaklega varinn í 1. mgr. 4. gr. 7. viðauka við Mannréttindasáttmála Evrópu. Fjármálaeftirlitið rannsakaði málið og tilkynnti Baldri um lok þess í maí 2009 á þeim grundvelli að hann hefði ekki búið yfir innherjaupplýsingum. Málið var svo endurupptekið án þess að lagaheimild stæði til slíks.

Í öðru lagi er talið að réttur Baldurs til réttlátrar málsmeðferðar samkvæmt 6. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu hafi ekki verið virtur þar sem hann var sakfelldur fyrir annað en hann var ákærður fyrir. Baldur var ákærður fyrir að hafa verið annar innherji í skilningi laga en sakfelldur fyrir að hafa verið tímabundinn innherji. Á þessu tvennu er grundvallarmunur og varnir Baldurs tóku eðlilega mið af því sem ákært var fyrir.

Í þriðja lagi er talið að réttur Baldurs til réttlátrar málsmeðferðar samkvæmt 6. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu hafi ekki verið virtur þar sem Hæstiréttur tók ekki afstöðu til ýmissa veigamikilla atriða í vörn Baldurs, þar með talið þeirrar grundvallarstaðreyndar að hvorki Landsbankinn né Fjármálaeftirlitið töldu þær upplýsingar sem Baldur var dæmdur fyrir að hafa búið yfir vera innherjaupplýsingar.

Í fjórða lagi er talið að réttur Baldurs til réttlátrar málsmeðferðar samkvæmt 6. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu hafi ekki verið virtur þar sem sönnunarbyrði í málinu hafi í reynd verið snúið við og hann því ekki notið þeirra grundvallarréttinda að teljast saklaus uns sekt er sönnuð.

Í fimmta lagi er talið að réttur Baldurs til réttlátrar málsmeðferðar samkvæmt 6. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu hafi ekki verið virtur þar sem verulegur vafi leiki á því að mál Baldurs hafi í raun notið óvilhallrar meðferðar fyrir dómi.

Vegna framangreinds hefur Baldur Guðlaugsson falið LEX að senda kæru til Mannréttindadómstóls Evrópu og verður það gert á næstunni.

Nánari upplýsingar veitir LEX lögmannsstofa.

2. mars 2012